

Til nefndarsviðs Alþingis.

Á 327. fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga þ. 17.3.2021 var eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2, 353. mál, samþykkt:

Sveitarfélaginu Vogum barst umsagnarbeiðni frá umhverfis og samgöngunefnd varðandi 353. mál á 151. löggjafabingi, frumvarp til laga um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2. Með bréfi þessu leggur sveitarfélagið fram sína umsögn.

Það er mat Sveitarfélagsins Voga að með frumvarpinu vegi flutningsmenn þess að þeirri vald- og ábyrgðarskiptingu sem gildir á milli ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að skipulagsmálum. Ekki með nokkrum rökum getur Sveitarfélagið Vogar samþykkt að víkja frá þeirri megin skiptingu á ábyrgð skipulagsmála sem fram kemur í skipulagslögum 123/2010.

Í greinargerð með frumvarpi til skipulagslaga sem lagt var fram á 138. löggjafabingi kemur skýrt fram í rökstuðningi með hvaða hætti skipting valssviðs og ábyrgðar skuli vera og teljum við að framkomið frumvarp stríði gegn vilja löggjafans með setningu skipulagslaga 123/2010.

Í frumvarpinu er lagt til að skipulagslögum sé kipt úr sambandi og að 3. gr. og 13. gr. laganna sé með öllu hunsuð. Útgáfa framkvæmdaleyfa og eftirlit með framkvæmdum líkt og kemur fram í 1. mgr. 13. gr. 123/2010 er á forræði sveitarfélaga. Sveitarfélagið Vogar telur að með tillögu sinni vegi flutningsmenn frumvarpsins að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í landinu. Með samþykkt frumvarpsins yrði gefið fordæmi um að hvenær sem er geti löggjafinn svipt sveitarfélög í landinu sjálfsákvörðunarrétti sínum í einstaka málum. Það er að okkar mati áhyggjuefni m.a. í ljósi eignarhalds ríkisins á stóru landsvæði í Sveitarfélaginu Vogum.

Það veldur okkur hjá Sveitarfélaginu Vogum að auki áhyggjum að slík hugmynd komi fram, jafnvel áður en sveitarstjórnin hefur fengið ráðrúm til að afgreiða erindi Landsnets á formlegan hátt. Það er mat okkar að hagsmunir sveitarfélaga í landinu til sjálfsákvörðunar í sínum innri málum sé með frumvarpi þessu fórnað.

Ekki verður hér fjallað sérstaklega um rökstuðning flutningsmanna sem fram kemur í greinargerð hvort sem litið er til mikilvægis raforkuflutninga eða með hvaða hætti raforkuflutningum er háttað. Grundavallar hugsun frumvarpsins snýr að fyrirnefndri verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga í landinu og sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Við leggjumst því alfarið gegn því að frumvarp þetta verði samþykkt.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju,



Ásgeir Eiríksson
Bæjarstjóri - Bæjarskrifstofa
S. 440 6200
lðndalur 2, 190 Vogar
www.vogar.is
[Fyrirvari/Disclaimer](#)